Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 REYKJAVÍK

Vestmannaeyjum 19. mars 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands (stjórn veiða á makríl).

Hér á eftir fara athugasemdir Vinnslustöðvarinnar hf., Vestmannaeyjum við ofangreind frumvarpsdrög:

1. Aðdragandi fyrirhugaðrar lagasetningar eru dómar Hæstaréttar í málum nr. 508 og 509/2017, þar sem viðurkennd var skaðabótaskylda íslenska ríkisins vegna fjártjóns sem tvö útgerðarfélög töldu sig hafa orðið fyrir og rakið er til úthlutunar aflaheimilda í makríl á árunum 2011 til og með 2014. Óþarft ætti að vera að rekja ágreiningsefnin í þessum dómsmálum og úrlausn dómstóla um þau í umsögn sem þessari.

2. Í greinargerð sem fylgir frumvarpsdrögunum segir m. a. að lagt sé til að aflamarksstjórn verði tekin upp við veiðar á makríl en „.... fram til þessa hefur stjórn veiða á stofninum lotið reglugerðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og leyfum frá Fiskistofu, sem sett hafa verið til eins árs í senn". Er og talið tímabært að taka upp slíkt skipulag, sem raunar hafi verið skylt um langt árabil, sbr. áðurnefnda dóma Hæstaréttar. Er því síðan haldið fram í frumvarpinu að með efni þess sé „brugðist við niðurstöðum dóma Hæstaréttar".

3. Í frumvarpsdrögunum er það rakið að starfshópur sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til að vera honum til ráðgjafar varðandi ákvarðanir sem taka þyrfti í framhaldi af dómum Hæstaréttar hafi í áliti sínu komist að þeirri niðurstöðu, að ráðherra væri skylt að ákveða aflahlutdeildir í makríl samtímis ákvörðun leyfilegs heildarafla veiðanna fyrir næsta veiðitímabil, þ. e. sumarið 2019.

   Starfshópurinn taldi jafnframt að yrði reglugerð vegna veiða á árinu 2019 miðuð við veiðireynslu á árunum 2013-2018 væri líklegt að sú úthlutun mundi skapa ríkinu áframhaldandi skaðabótaábyrgð – slík ábyrgð mundi áfram ná til tjóns sem einstakar útgerðir yrðu fyrir ef þær fengju minni úthlutun en þær hefðu fengið á grundvelli veiðireynslu á árunum fyrir 2011.

4. Í frumvarpsdrögunum segir m. a. að efni frumvarpsins sé óskylt uppgjöri bótakrafna vegna veiðistjórnar makríls frá árinu 2011. Engu að síður verði ekki framhjá því litið að niðurstöður dómanna byggjast á því að samkvæmt 2. mgr. 5. gr. úthafsveiðilaganna er skylt að úthluta aflahlutdeild til veiða á deilistofni ef á annað borð er tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr honum. Er því og haldið fram að með frumvarpinu sé brugðist við niðurstöðum dómanna eins og áður segir.

5. Vinnslustöðin hf. telur að sú leið sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sé ekki í fullu samræmi við forsendur umræddra dóma Hæstaréttar og leiði ekki til málefnalegrar né sanngjarnrar niðurstöðu. Félagið telur að óhjákvæmilegt sé að líta til þess annars vegar hver hlutdeild skipa félagsins hefði verið árið 2011 ef réttum reglum hefði þá verið fylgt og miða hlutdeildina í grunninn við þá niðurstöðu. Þegar sú hlutdeild er borin saman við þá aflahlutdeild sem skipum félagsins var úthlutað blasir við hvað það er sem leiðrétta þarf.

6. Verði miðað við veiðireynslu þriggja bestu áranna 2005-2010 við úthlutun aflahlutdeilda, sem var ein þeirra leiða sem starfshópurinn lagði til, hefði Vinnslustöðin hf. átt að fá úthlutað 9,97% af heildaraflanum árið 2011, en ekki 8,07% eins og raunin var 2018, og hefði sú aflahlutdeild átt að haldast óbreytt milli ára frá árinu 2011. Verði sú leið hins vegar farin sem frumvarpsdrögin leggja til, verður hlutur Vinnslustöðvarinnar hf., samkvæmt útreikningum Vinnslustöðvarinnar hf., eingöngu um 9,26%, með öllum fyrirvörum um réttar forsendur. Verði hins vegar horft til áranna 2008-2014 við úthlutunina, þ.e. miðað við það tímamark þegar Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun stjórnvalda að hlutdeildarsetja makrílstofninn frá árinu 2011 hafi ekki í samræmi við lög, þá fengi Vinnslustöðin hf. úthlutað 9,46% af heildaraflanum.

7. Í álitsgerð starfshóps sjávarútvegsráðherra um viðbrögð vegna dóma Hæstaréttar Íslands um ólögmæti reglugerða um makrílveiðar segir að ráðherra hafi á fyrstu árum veiðanna ekki litið til frumkvöðlaréttar skv. 9. mgr. 5. gr. úthafsveiðilaganna nr. 151/1996. Í því ákvæði er vísað til heimildar til handa ráðherra til að ákveða að allt að 5% heildarafla skuli úthluta til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni. Í álitsgerð starfshópsins segir jafnframt: „Útgangspunkturinn er því sá að þegar veiðar á tilteknum stofni eru takmarkaðar beri að taka tillit til réttinda þeirra sem fram til þess hafa stundað veiðar úr þeim stofni og eftir atvikum ráðist í fjárfestingar í því skyni en þurfa síðan að sæta aflatakmörkunum."

Samkvæmt frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ekki áætlað að úthluta meiri hlutdeild til þeirra aðila sem, með áhættusamri sókn í nýjan stofn makríls á sínum tíma og með miklum kostnaði, tókst að afla meiri

verðmæta fyrir þjóðarbúið. Þeir sem sækja á ný mið með tilheyrandi áhættu ættu að fá að njóta frumkvæðisins. Þær útgerðir sem voru tilbúnar að leggja í kostnað við að leita makríls og styðja við íslenskar hafrannsóknir ættu samkvæmt framangreindu að eiga meira tilkall en þær útgerðir sem ekkert gerðu fyrr en ljóst var að veiðar á makríl væru ákjósanlegar. Í gögnum Hafrannsóknarstofnunar, sbr. meðfylgjandi, kemur t.a.m. fram að sérfræðingar stofnunarinnar hafi tekið þátt í tilraunaveiðum Hugins VE í ágúst 2007 og að sérfræðingur hafi verið sendur með skipinu á veiðar 2008. Tveimur árum áður, eða árið 2006, hafði útgerðarfélagið Huginn ehf. sem gerir út skipið Huginn VE-55, lýst yfir áhuga sínum við Einar Kristin Guðfinnsson, þáverandi sjávarútvegsráðherra og Jóhann Sigurjónsson, þáverandi forstjóra Hafrannsóknarstofnunar, að kanna magn makríls umhverfis Ísland, sbr. meðfylgjandi tölvupóst. Áhugi útgerðarfélagsins Hugins á því að kanna stöðu makrílveiða við Íslands hafði reyndar kviknað árið 2003 og óskaði útgerðarfélagið eftir heimild til að veiða makríl það ár. Vinnslustöðin hf. er hluthafi í Huginn ehf. og studdi við tillögur og framtak félagsins og var Vinnslustöðin hf. meðal þeirra útgerða sem hófu sókn í makríl á árinu 2006.

8. Aflaheimildir ársins 2011 bar að ákvarða út frá veiðireynslu áranna 2005 -2010. Vinnslustöðin hf. gerir sér grein fyrir að til greina geti komið að miða við veiðireynslu á lengra tímabili, þótt ekki verði séð að nauðsynlegt sé að miða við veiðireynslu á 11 ára tímabili eins og gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögunum. Að mati félagsins væri nær að miða við tímabilið fram til ársins 2015 í ljósi þess að 30. júní árið 2014 komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun stjórnvalda að hlutdeildarsetja makrílstofninn frá árinu 2011 hafi ekki í samræmi við lög.

9. Vinnslustöðin telur að frá þeim tíma hafi bæði stjórnvöldum og útgerðum skipa sem veiddu úr makrílstofninum og voru ekki svo kölluð aflareynsluskip verið ljóst að ákvörðun ráðherra var í andstöðu við gildandi lög. Þess vegna getur ekki talist sanngjarnt eða málefnalegt að þeir sem náðu „viðbótaraflareynslu“ eftir það tímamark fái nú að njóta hennar, verði frumvarpsdrögin að lögum.

10. Félagið leyfir sér að ætlast til þess að annað tímabil verði valið sem leiðir til sanngjarnrar og málefnalegrar niðurstöðu. Óhjákvæmilegt er þó að áskilja félaginu allan rétt ef niðurstaðan felur í sér einhvers konar lögfestingu á reglum sem dómstólar hafa metið ólögmætar.

11. Vinnslustöðin telur eðlilegt að horft verði til þeirrar viðmiðunar sem kemur fram í 9. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þar sem segir að ráðherra geti ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði

sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni. Að mati Vinnslustöðvarinnar væri ekki óeðlilegt að við lagasetningu nú væri miðað við að þetta hlutfall væri 10%. Með því væri komið með málefnalegum og sanngjörnum hætti til móts við hagsmuni þeirra útgerða sem hófu veiðar úr makrílstofninum við Ísland og áttu skv. dómum Hæstaréttar í málunum nr. 508 og 509/2017 rétt á því að stofninn yrði hlutdeildarsettur strax árið 2011, þegar veiðireynslan var orðin samfelld.

Virðingarfyllst

f. h. Vinnslustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Framkvæmdastjóri

Makríll (*Scomber scombrus*, L. 1758) í NA-Atlantshafi

Sveinn Sveinbjörnsson
Ásta Guðmundsdóttir
Þorsteinn Sigurðsson
Hafrannsóknastofnuninni

Makríll (*Scomber scombrus*, L. 1758)



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN


Líffræði, útbreiðsla og göngur

- **Almennt**
- Makríll telst til ættbálks Borra, ætt:Scombridea (Makrílaætt) og er náskyldur túnfiski.
- Hraðsyndur, rennilegur, uppsjávar torfufiskur
- Fagurlitur
- Hraður vöxtur
- Kynþroski; 2-3 ára
- Hrygning, í skömmtum, sviflæg egg

Líffræði, útbreiðsla og göngur frh.

- Fæða er aðallega krabbadýr (krabbaflær og ljósáta), smáfiskar svo sem spærlingur, bristlingur, sandsíli og fiskungviði (síld, kolmunni o.fl.).
- Makríll er feitur fiskur, er um 7-10% feitur á hrygningartíma og um 30% feitur á haustin.
- Makríll fer í mjög langar árlegar göngur, ætis-, vetursetu- og hrygningargöngur.

Lengd eftir aldri (alþjóðleg aflasýni 2007)



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Þyngd eftir aldri (alþjóðleg aflasýni 2007)




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Makrílstofnar í NA-Atlantshafi.

- **Norðursjávarstofn**-vel aðgreindur á hrygningartíma í Norðursjó. Hrygnir í apríl-júlí. Þessi stofn er talinn mjög lítill.
- **Vesturstofn**- er lang stærstur og er hann nú talinn vera um 76% af heildarstofnstærð. Hann hrygnir á stóru svæði frá vestur af Skotlandi að Biskayflóa á tímabilinu mars-júní.
- **Suðurstofn**- hrygnir með norður- og vesturströnd Íberíuskagans í janúar-apríl.
- Útbreiðsla Suður- og Vesturstofns **skarast** verulega á hrygningarslóðum í Biskayflóa.
- Þessir þrír stofnar ganga undir nafninu **Norðaustur-Atlanthafs makríllinn** (Northeast Atlantic Mackerel)
- Stofnarnir eru meðhöndlaðir sem einn í stofnmati þar sem ómögulegt er að aðgreina þá.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Hrygningarsvæði hinna mismunandi stofnhluta makríls




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Göngur og útbreiðsla

- Eftir hrygningu gengur makríllinn í fæðuleit af vestur – og suðursvæði norður um í Noregshaf fram hjá Færeyjum og í Norðursjó þar sem stofnarnir blandast Norðursjávarmakrílnum.
- Seinustu árin hefur orðið breyting á sumardreifingu makrílsins. Hann hefur gengið miklu norðar og vestar en áður. Þetta er talið vera vegna hlýnunar sjávar.
- Þetta sést vel í makrílgöngunum sem heimsótt hafa Ísland, einkum 2007 og 2008.
- Á haustin leitar makríllinn í vetursetu aðallega frá kantinum vestan Bretlandseyja austur í Norskurennu. Eitthvað af Suðurmakrílnum hefur þó vetursetu við Íberíuskagann


HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sumardreifing og líklegar gönguleiðir




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sumardreifing og líklegar gönguleiðir




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Vetursetustöðvar




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Heildarafli makríls




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Afli eftir ársfjórðungum (2007)




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Heildarafli eftir svæðum 1996-2007




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Meðalafli Þjóða 1996-2007




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Heildarafli þjóða 1996-2007




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Hlutfallslegur afli þjóða 1996-2007




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Afli Íslendinga 1996-2008




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Makrílafli Íslendinga 2006 - 4.222 tonn




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Makrílafli Íslendinga 2007 – 36.489 tonn



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Makrílafli Íslendinga 2008 - 112.155 tonn



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Íslenskar rannsóknir (Hafrannsóknastofnunin)

- Þáttaka í Alþjóðlegum rannsóknum í Noregshaf og Austurdjúp í maí.
- Tókum þátt í tilraunaveiðum Hugins VE við Suðaustur- og Suðurland í ágúst 2007.
- Sendum mann með Huginn í júlí 2008 til að kynna sér makrílveiðar.
- Söfnum gögnum um veiðar og sýnum úr afla veiðiskipa og rannsóknaskipa til aldursgreiningar og annarra líffræðilegra athugana. Þau gögn eru send til vinnunefndar á vegum Alþjóðahafrann-sóknaráðsins og eru notuð þar við stofnmat.
- Árið 2007 fengust 19 aflasýni og í ár hafa aðeins borist um 20 sýni. **Sýnataka er allt of lítil.**


HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Íslenskar rannsóknir (Hafrannsóknastofnunin) frh

- Gerðar hafa verið áætlanir um makrílrannsóknir í all mörg ár. Þær hafa ekki fengið framgang enn sem komið er en vonast er til að eitthvað verði hægt að gera á komandi sumri (könnun útbreiðslu með bergmálsmælum og flotvörpu og/eða netum).
- Hafrannsóknastofnun hefur til þessa skort þá reynslu sem nauðsynleg er við þessar rannsóknir

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN


Tog Hugins í ágúst 2007 og lengdardreifing aflans




HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN


Aldurs- og lengdardreifing Íslenska makrílaflans og alþjóðlega aflans 2007


Ísland






Alþjóðlegur afli






HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Dreifing makrílsýna úr afla veiðiskipa 2007



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Tog Hugins fyrri hluta júlí 2008



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Bergmálsleiðangrar

- **Norðursjór**
  - Niðurstöður of breytilegar til þess að geta notað þær sem vísitölur
- **Suðursvæðið**
  - Spánn – þarf að skoða tímasetningu betur, e.t.v. hægt að fá nýliðunarvísitölu fyrir aldur 1
  - Frakkland – ónákvæmar niðurstöður
- **Umhverfisleiðangur í Noregshafi að sumri**
  - Markríll, kolmunni, síld, lax, hvalir
  - 6 ár
  - Skoða útbreiðslusvæðið; reyna að magnmæla; taka sýni
  - Í ár var niðurstaðan að makríll sá norðar en áður.
- **Ekki notaðir í stofnmati**
  - Leiðangrarnir ná ekki yfir allt útbreiðslusvæðið
  - Erfitt að meta magn makríls með bergmálsaðferð
  - Á sumum svæðum er erfitt að greina á milli tegunda

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Ýmsir leiðangrar

- **Leiðangrar að hausti með botnfiskatrolli**
  - Nýliðunarvísitala - of breytileg, en gáfu samt vísbendingar um lélegan 2000 árgang og góðan 2002 árgang
- **Úr lofti**
  - Rússar reyndu í nokkur ár að meta dreifingu og magn makríls úr lofti (ekki síðan 2005).
- **Merkingaleiðangrar**
  - Fá vísbendingu um blöndun á Suður- og Vesturstofni
  - Fá mat á heildardánartölu – notað til hliðsjónar við stofnmat
- **Ekki notaðir í stofnmati**

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN


Mælingar á hrognaframleiðslu

- Árleg hrognaframleiðsla metin og notuð sem vísitala á hrygningarstofn
- Farnir á 3 ára fresti
- Í núverandi mynd síðan 1995
  - Ná yfir allt hrygningarsvæðið: Portúgal-Skotland
  - Ná yfir hrygningartímann (janúar-júlí)
  - Áður:
    - Vestursvæðið síðan 1977
    - Suðursvæðið síðan 1992
- Talið að hrognaframleiðslan sé vanmetin
- **Notað í stofnmati**

Stofnmat


- Eitt stofnmat yfir allt útbreiðslusvæði makríls
- Aldursgreind aflagögn
  - Brottkast talið vandamál
- Vísitala hrygningarstofns
- Stofnmat er mjög háð síðasta mati á vísitölu hrygningarstofns
- Óvissa í mati

Hrygningarstofn makríls



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN


Nýliðun – aldur 0



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Aflaspá 2009

- Gert er ráð fyrir 600 þús. tonna afla 2008
  - Þar af er g.r.f. 108 þús. tonna afla Íslendinga
- Veiðunum er stjórnað með stýringu á veiðidánar-stuðlum. Aflinn á að samsvara F_{4-8} á bilinu 0.15 – 0.20
- Þetta þýðir 443 – 578 þús. tonna afli 2009



Skipting aflans

- Síðan 2001 þá hefur ráðlagt heildar-aflamark náð yfir allt útbreiðslusvæðið makríls (norðaustur Atlantshafsmakríls, NEA)
- Aflamarkið nær yfir Suður-, Vestur- og Norðursjávarstofnhlutana
- Strandríki makríls (EU, Færeyjar og Noregur) og NEFAC stjórna veiðunum

Aflaskipting eftir stjórnunareiningum og svæðum

Agreement	Areas and Divisions	TAC in 2008	Stock components	ACFM advice 2008	Areas used for allocations	Prediction basis
Coastal states agreement (EU, Faroes, Norway)	IIa, IIIa, IV, Vb, VI, VII, VIII, XII, XIV	385,366	North Sea	Lowest possible level	IIa, IIIa, IV, Va, b, VI, VII, VIIIa,b,d,e, XII, XIV	Northern
NEAFC agreement	International waters of IIa, IV, Va, b, VI, VII, XII, XIV	43,629	Western	Reduce F in the range 0.15-0.20		
EU-NO agreement	IIIa, IVa,b	1,865				
EU autonomous	VIIIc, IXa	27,005	Southern		VIIIc, IXa	Southern
Total		457,865				

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Pall Guðmundsson

From: Páll Guðmundsson <huginnhf@eyjar.is>
Sent: 1. júní 2006 16:41
To: 'ekg@ekg.is'; ':johann@hafro.is'
Subject: Makrill Huginn ehf

Sælir

Hr.Einar Kristinn Guðfinnsson og Hr. Jóhann Sigurjónsson.Ég hef verið að velta fyrir mér undanfarin ár hvort möguleiki sé
Á því að Makríll sé orðin veiðanlegu magni við strendur eða í lögsögu Íslands.En með hækkand sjávarhita
Ættu þeir möguleikar að hafa aukist verulega, trillusjómenn við Vestmannaeyjar hafa undanfarin ár orðið
varir við Makríl á sumrin þegar þeir eru á handfærum

Tímin á þessu er svona júli til september ,skip sambærileg Huginn eru þaug skip sem veiða þetta mest í Norskri og Skoskri lögsögu.
Við höfum ekki haft tima né þolimæði undanfarin ár til að sinna þessu, nú held ég að tími til komin að líta á þetta.
Markaðir á frystri og flakaðari Síld eru erfiðir í sumar, við erum búnir að panta slipp fyrir skipið 10.júli sem verður ca tvær vikur
Þannig að það mundi henta okkur vel að taka smá snúning á þessu áður en við byrjum aftur á Síld.
Þá er það spurning að sjálfsögðu um að fá Hafransóknastofu í lið með sér til að skoða þetta
og til að tryggja þolinmæðina þarf ein hverja aura og eða kvóta,
En ef dæmið gengur upp, veiði + verðmæti dugar það að sjálfsögðu.

Kv Páll Guðmundsson